

## **Yfirlýsing frá þingmönnum Hreyfingarinnar vegna heimildar til samninga um gagnaver Verne Holdings ehf. í Reykjanesbæ**

Þingmenn Hreyfingarinnar kalla eftir siðferðislegri forystu meirihluta Alþingis er kemur að afgreiðslu frumvarps um heimild iðnaðarráðherra til samninga við Novator um ívilnanir til handa Verne Holdings en eins og kunnugt er er Novator í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Björgólfur Thor Björgólfsson var einn eiganda Landsbankans. Að því er fram kemur í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis bera stærstu eigendur bankanna umtalsverða ábyrgð á hruninu, þar með talið Björgólfur Thor. Hann hefur þó ekki hlotið dóm og hefur ekki réttarstöðu grunaðs svo vitað sé og samkvæmt þeim leikreglum sem réttarríkið setur okkur er hver maður saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Hann á þó ekki sjálfkrafa rétt á fjárfestingarsamningi við íslenska ríkið sem felur í sér skattaívilnanir enda teljast slíkar ívilnanir ekki til sjálfsagðra mannréttinda. Það er eðlilegt krafa í viðskiptum að gera ekki samninga við aðila sem ekki hafa reynst vel í fyrri viðskiptum. Ein meginástæðan sem gefin er til réttlætningar á þessum umrædda fjárfestingarsamningi er að samningurinn skili erlendri fjárfestingu inn í landið. Sú ástæða var einnig gefin þegar Samson ehf., félag í eigu Björgólfs Thors og fleiri, keypti stóran hlut í Landsbankanum. Síðar kom í ljós að hluti kaupverðsins var tekinn að láni í Búnaðarbankanum. Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir:

„Stærstu eigendur allra stóru bankanna fengu óeðlilega greiðan aðgang að lánsfé hjá þeim banka sem þeir áttu, að því er virðist í krafti eignarhalds síns (...) Við fall Landsbankans voru Björgólfur Thor Björgólfsson og félög tengd honum stærstu skuldarar bankans. Björgólfur Guðmundsson var þriðji stærsti skuldari bankans. Samtals námu skuldbindingar þeirra við bankann vel yfir 200 milljörðum króna. Það var meira en sem nam eigin fé Landsbankasamstæðunnar. Björgólfur Thor var einnig stærsti hluthafi Straums-Burðaráss og hann var stjórnarformaður þess banka. Björgólfur Thor og Björgólfur Guðmundsson voru hvor um sig, ásamt tengdum aðilum, meðal stærstu skuldara bankans og saman mynduðu þeir stærsta lántakendahóp hans.“<sup>1</sup>

Af lestri skýrslunnar má ráða að veruleg áhætta fylgi því að stunda viðskipti við Björgólf Thor Björgólfsson. Þingmenn Hreyfingarinnar álíta að ríkinu beri að taka siðferðislega forystu og beina sérstökum ívilnunarsamningum eingöngu til þeirra sem hafa sýnt og sannað að þeir séu traustsins verðir.

Margrét Tryggvadóttir, Birgitta Jónsdóttir og Þór Saari.

Sjá nánar nefndarálit:

<http://www.althingi.is/altext/138/s/1048.html>

---

<sup>1</sup> *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir. 1. bindi, bls. 32.*